

51

6. júní

6. gr.

Stjórnin skal kosin árlega; en enginn er skyldur að gegna störfum lengur en þrjú ár samfleytt. Skyldir til að taka kosningu í stjórnina eru allir búendur á svæðinu.

Endurskoðun reikninga fjelagsins sje falin einum manni, og gilda um kosningu hans sömu reglur og um kosningu stjórnarnefndar.

7. gr.

Samþykkt þessari má breyta á aðalfundi, ef $\frac{2}{3}$ allra atkvæðisbærra fjelagsmanna samþykkja og breytinganna sje getið í fundarboði.

Samþykkt þessi er hjermeð staðfest til að öðlast þegar gildi og birt til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atrvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 6. júní 1923.

Kl. Jónsson.

Vígfús Einarsson.

52

15. júní

REGLUGJÖRÐ

um

breyting á reglugjörð 7. mars 1908 um notkun pósta og reglugjörð um
breyting á nefndri reglugjörð.

Í 1. gr. komi „10“ og „6“ í stað „9“ og „7“.

Í 2. gr. 3. málsgrein komi „póststofa eða“ á undan orðinu „póstafgreiðsla“. Á sömu síðu 2. línu að neðan komi „10“ í stað „9“ og setningin í neðstu línu, sem byrjar með „Hve lengi“ og það sem eftir er af málsgreininni falli burt.

Í 4. gr. 4. málsgrein komi „krossbönd“ á eftir almenn brjef.

7. gr. undir „Fylgibrjef“ 3. og 4. málsgrein falli burt og setningin á sömu síðu í 8. málsgrein, í sama kafla, sem byrjar með orðunum „vilji“ og endar á „landveg“ falli burt. 78. gr. 1. línu komi 1000 í stað „720“ og í staðinn fyrir „Póststofan í Reykjavík“ í sömu málsgrein komi „Póststofur“.

Í 9. gr. 1. málsgrein komi „1000“ í stað „720“ og í stað orðanna í 52
2. línu „hefir pósthöfnin í Reykjavík“ komi „hafa pósthöfnin, brjefhúsið- 15. júní
ingur“.

Í 2. málsgrein eftir „brjefum“ komi „krossbandssendingum“.

Í 5. málsgrein komi „2 aura“ og „40“ í staðinn fyrir „1 eyrir“ og
„20“. Í næstu línu komi „póststofur“ fyrir „póststofunni í Reykjavík“.

Í 12. gr. undir Brjefasendingar komi 10, 20, 8, 16, 5 og 30 í staðinn
fyrir 4, 8, 3, 6, 3 og 15 og í liðinn e „fyrir hver 50“ í stað „alt að 250“ og
í sömu gr. undir Peningabrjef komi „10“ í stað „4“. Í sömu gr. undir Böggla-
ar komi í fyrstu línu „50“ í stað „5“ og orðin í sömu línu, sem byrja með
„og“ og enda á „vegur“ í næstu línu falli burt. Í stað „50%“ komi „100%“,
sex fyrstu orðin í 3. málsgrein falli burt, en í staðinn fyrir orðin „þau“ í
sömu línu komi „fylgibrjef“. Í 4. málsgrein í sama kafla komi „krossbands-
sendingar“ á eftir „brjef“ en sama orð falli burt síðar í línunni.

Síðasta setningin í 13. gr. á eftir punkti falli burt.

Á undan 15. gr. komi „14. gr.“ í stað „13. gr.“.

Í 15. gr. 2. málsgr. komi „póststofum“ í stað „póststofunni í Reykja-
vík“, í 3. málsgr. komi „1, 5, og 10“ í stað „3, 4 og 5“ og „póststofum“ í
stað „póststofunni í Reykjavík“ og í 9. málsgrein komi „póstmaður“ í stað
„póstafgreiðslumaður“.

Í 16. gr. 3. málsgrein komi „póststofum“ í stað „póststofunni í Reykja-
vík“. Í sömu gr. undir liðnum: „*Ýmislegt sem pósthúsin gera*“ o. s. frv.
síðustu málsgr. 1. línu skal bæta við á eftir orðinu „sendingu“ „og fyrir
lakk undir hvert innsigli“ og undir *Útburður brjefa með hraðboða* skal koma
í staðinn fyrir fyrstu málsgrein:

Á þeim stöðum, þar sem daglegum útburði á brjefum hefir verið
komið á fót fást sendingar bornar út til viðtakenda með hraðboða, gegn 50
aura gjaldi fyrir hverja. Á öðrum póstafrgreiðslustöðum fást sendingar
bornar til viðtakenda með hraðboða, ef eigi þarf yfir vötn að fara, gegn 60
aura gjaldi fyrir hvern kílómetra frá pósthúsinu að telja.

Í 17. gr. undir Brjefasendingar næst síðustu málsgrein skal í staðinn
fyrir „30 aura“ koma „50 aura og 60 aura“.

Undir liðnum „Peningabrjef og böggla“ í 8. málsgrein komi „geta
póststofur“ í stað „getur póststofan í Reykjavík“.

Í 9. málsgrein, skal falla burt „dönskum eða“. Í 12. málsgrein komi
„póststofum“ í staðinn fyrir „póststofunni í Reykjavík“ og síðasta setning-
in í 17. gr. á eftir punkti falli burt.

Í síðustu málsgrein 18. gr. skal falla burt byrjunarorðin „Ófrímerktir
böggla og“. Í staðinn fyrir „nema“ í næstsíðustu línu komi „þó“ og „(7.
gr)“ síðast falli burt.

Í 20. gr. undir liðnum „Hverjum skal skila póstsendingum“ á eftir
6. málsgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

52

15. júní „Skilríkisþjald er fullgild heimild til að fá afhentar póstsendingar á pósthúsunum. Skilríkisþjald getur hver maður fengið á póststofum og póstafréiðslum, en til þess þarf póstmaður, sem lætur af hendi skilríkisþjald, að þekkja manninn eða fá fulla trygging fyrir að hann sje sá, sem hann segir. Flutaðeigandi karl eða kona, verður að hafa með sjer ljósmynd vel líka, til að líma á skilríkisþjaldið og skal skrifa nafn sitt á það. Skilríkisþjaldið gildir í tvö ár og kostar 80 aura, sem límist á það í frímerkjunum og stimplast. Eigandi skilríkisþjalds ber alla ábyrgð á því tjóni, sem kann að hljótask af því, ef óviðkomandi maður nær í skilríkisþjald og notar það á sviksamlegan hátt“.

Í 20. gr. 2. lið, 3. línu að ofan komi „póststofum“ í staðinn fyrir „póststofunni í Reykjavík“.

Á eftir 5. málsgrein komi ný málsgrein svohljóðandi:

Útborgunarpósthúsið skal áður en það borgar út samkvæmt slíku eftirriti rannsaka nákvæmlega, hvort frumritið hefir verið borgað út áður eða áframsent á annað pósthús til útborgunar þar. Sje svo, má ekki borga út samkvæmt eftirritinu, heldur skal senda það til póststjórnarinnar með nauðsynlegum skýringum. Sjerhvert eftirrit af póstávísun verður að hafa greinilega áletrun um, að það sje eftirrit, og er það á ábyrgð innborgunarpósthússins að svo sje“.

Í 21. gr. 9. línu að neðan komi „40“ í stað „10“.

Síðasta málsg. 21. gr. orðist þannig:

„Verði sendingum hvorki komið til viðtakanda nje sendanda, skal senda þær til póststofunnar í Reykjavík. Þar skulu tveir eiðsvarnir póstmenn sem póststjórnin sjerstaklega kveður til þess, opna þær og rannsaka, til þess að leitast við að finna viðtakanda eða sendanda af undirskrift brjefa eða innihaldi. Takist það, skal senda öðrum hvorum þeirra sendinguna, eftir því sem þykir við eiga, undir innsigli póststjórnarinnar, með óbörguðu burðargjaldi hafi það hvílt á henni; annars skulu sendingarnar liggja á póststofunni í Reykjavík, að minsta kosti 3 mánuði, og hafi þær eigi verið sóttar á þeim tíma, skal selja þær póstsjóði í hag, samkvæmt 26. gr. í póstlögnum eða eyða þeim. Skal það gert einusinni á ári hverju undir umsjón þeirra manna, sem til þess eru settir og nefndir eru að framan. Sje hægt að spyrja upp sendanda, en hann neitar að taka við sendingunni, skal senda hana til póststjórnarinnar, sem sker úr því, hvort gjöld þau, sem kunna að hvíla á sendingunni, skuli innheimta hjá honum með lögsókn“.

Á eftir annari málsgrein 22. greinar komi ný málsgrein svohljóðandi:

„Samkvæmt póstlögum 7. maí 1921, 16. gr. c, ber póstsjóður ekki ábyrgð á skaða þeim á póstsendingum, sem stafar af ofurefli (vis major), en eftir heimild þeirri, sem lögin veita til þess að gera breyting á þessu, skal póstsjóður, einnig þótt skaðinn stafi af ofurefli, hafa ábyrgð á póstsendingum þeim, er nú skal greina: Ábyrgðarbrjefum, peninga- og verðbrjefum og

böggjum, sem hafa að innihaldi verðmæt skjöl, arðmiða, vaxtamiða, brjefpen- 52
 inga, mótað og ómótað gull, silfur og platínu, gimsteina og ekta perlur, enda 15. júní
 sje greinilega skrifað á böggjana og fylgibrjefin að svo sje, svo og öðrum
 sendingum, sem póstsjóður kann að bera ábyrgð á samkvæmt samningum
 við önnur lönd“.

Í 6. málsgrein sömu greinar komi „póststjórnarinnar“ í stað „stjórn-
 arráðsins“.

Á eftir 3. málsgrein 23. greinar komi „Alþingistíðindi og stjórnar-
 tíðindi eru þó undanþegin þessum skilyrðum“.

Í 5. málsgrein komi „hjá póststjórninni“ í stað „á póststofunni í
 Reykjavík“ og í staðinn fyrir „póstmeistara“ komi „henni“.

Á eftir 4. lið komi:

„5. þyngd hvers einstaks“.

Innritunargjald fyrir blöð og tímarit er 3 kr. ár hvert og greiðist
 pósthúsinu, þar sem blaðinu eða ritinu er skilað til flutnings í fyrsta skifti,
 þegar blaðið eða ritið er innritað, og svo í byrjun janúar ár hvert“.

† næstu málsgrein á eftir komi „1 króna“ í stað „50 aura“.

Póststjórn Íslands, 15. júní 1923.

S. Briem.